

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um að skoða styttingu sumarfrís grunnskóla borgarinnar

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundasviði að kanna og skoða áhrif þess að stytta sumarfrí grunnskólabarna í Reykjavík um allt að tvær vikur. Með það að markmiði að styðja við velferð barna og félagsþroska og auka jafnræði í aðgengi að öruggu og uppbyggilegu umhverfi yfir sumartímann. Færa okkur þannig nær skipulagi skólaárs hjá þeim nágrannalöndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Horft verði til fjölda kennslustunda og samfellu í degi barna með tilliti til skóla, íþróttar, frístunda o.fl.

Greinargerð

Í dag eru grunnskólabörn í Reykjavík í sumarfríi í um 76 daga. Það eru 10 dögum fleiri en í Noregi og um 20 dögum fleiri en í Danmörku. Þrátt fyrir að margir taki því sem sjálfsögðum hlut að börn séu í löngu sumarfríi, benda rannsóknir til þess að slíkt skipulag henti ekki börnum.

Á þessum 76 dögum glata börn og unglingar þeim stöðuga stuðningi sem skólasamfélagið veitir, bæði hvað varðar námslegt og félagslegt umhverfi. Langir frídagar geta valdið rútínuleysi, minni hreyfingu, skorti á félagslegri örvun og í sumum tilfellum takmörkuðu aðgengi að næringu sem annars væri tryggð í skólamötuneytum. Fyrir mörg börn er skóli jafnframt mikilvægur hluti af öryggisneti þeirra.

Löng sumarfrí geta valdið miklu álagi á foreldra, sem þurfa að brúa bilið með dýrum námskeiðum eða með eigin orlofi, sem ekki er alltaf í samræmi við þarfir fjölskyldunnar. Það hefur þannig áhrif á atvinnulíf og jafnvægi í daglegu lífi fjölskyldna.

Með því að stytta sumarfrí um jafnvel aðeins tvær vikur væri hægt að draga úr þessu ójafnvægi. Það myndi skapa meiri samfellu í námi og félagsþroska barna, auka öryggi og jafnrétti milli barna og minnka álag á foreldra. Slíkt fyrirkomulag þarf þó að huga sérstaklega að rétti kennara til sumarleyfis samkvæmt kjarasamningum.

Kanna mætti sumarskóla með áherslu á útikennslu, einnig valfrjálsar greinar sem oft rýmast ekki nægilega vel í hefðbundnu skólastarfi, svo sem fjármálalæsi, fræðslu um trúarbrögð, tengingu við val á framhaldsskólum og jafnvel starfsnám þar sem elstu börnunum er gefið færni á að tengjast atvinnumarkaði og hafa tekjur yfir sumartímann, en atvinnumálum ungmenna eru sífellt þrengra sniðinn stakkurinn.

Reykjavíkurborg hefur ríka hagsmuni af því að skoða málið, enda snýst það um velferð barna, stuðning við fjölskyldur og eflingu samfélagsins í heild.